

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, land Syðri-Hamra III og Húsa I, Ásahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Frístundabyggðasvæði (F-5) við Selholt í landi Húsa I, um 35 ha að stærð, minnkar í um 6 ha þar sem gert er ráð fyrir 2 býlum á landbúnaðarsvæði.
2. Landbúnaðarsvæði í landi Syðri-Hamra III um 12 ha breytist í svæði fyrir frístundabyggð með allt að 5 lóðum og verður svæðið hluti af frístundabyggð (F-5) við Selholt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. nóvember 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*